



BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 158

Siðmennt

Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík
www.borgarskjalasafn.is/borgarskjalasafn@reykjavik.is

Einkaskjalasafn nr. 158

Siðmennt

Leyfi frá Siðmennt þarf til að skoða fundargerðir Siðmenntar.

Um Siðmennt

Siðmennt, félag siðrænna húmanista á Íslandi, var stofnað 15. febrúar 1990. Starfsemi félagsins er grundvölluð á lífsviðhorfi óháðu trúarsetningum og að maðurinn sé ábyrgur fyrir velfarnaði sínum en ekki „æðri máttarvöldum“. Félagið er málsvari mannúðarstefnu (húmanisma) og frjálsrar hugsunar, óháð trúarsetningum. Siðmennt hefur aðstoðað fólk við borgaralegar athafnir og hefur m.a. staðið fyrir borgaralegum fermingum. Fyrsta undirbúningsnámskeið undir borgaralega fermingu var haldið 1988 af þeim sem síðar stofnuðu Siðmennt. Fyrsta borgaralega fermingin á vegum félagsins var haldin 9. apríl 1989 og voru fermingarbörnin 11 talsins.

Þá hefur Siðmennt gengist fyrir umræðufundum um ýmis mál er tengjast mannúðarstefnu og borgaralegum athöfnum. Má þar nefna mannréttindi samkynhneigðra, sorg og sorgarviðbrögð, trúarbragðafræðslu í skólum og ýmis mál er snerta stefnu félagsins.

Heimild: Heimasíða Siðmenntar, <http://www.sidmennt.is>

Um skjalasafn Siðmenntar

Skjalasafn Siðmenntar samanstendur að mestu leyti af útgefnu efni félagsins, fréttabréfum og bæklingum. Stærstur hluti þeirra skjala var afhent Borgarskjalasafni til varðveislu 28. júlí 1999 af Hope Knútsson formanni félagsins. Þann 12. júní 2006 afhenti Hope Knútsson ljósrit fundargerðarbókar stjórnar Siðmenntar 2001-2006 auk nokkurra bæklinga og fréttabréfa. Frumrit fundargerðarbókarinnar er varðveitt hjá formanni. Í öskju 2 er viðbót við safn Siðmenntar var afhent Borgarskjalasafni 10. júlí og 13. ágúst 2008, merkt* Þá er viðbót við skjalasafnið afhent í júní 2011. Í öskju 3 eru skjöl afhent Borgarskjalasafni 2011.

Siðmennt var stofnað 15. febrúar 1990. Félagið er málsvari manngildisstefnu (húmanisma) og frjálsrar hugsunar, óháð trúarsetningum, og stendur fyrir veraldlegum athöfnum.

http://sidmennt.is/wp-content/uploads/2008/01/Logo_medium_150.png

Fyrsta undirbúningsnámskeiðið fyrir borgaralega fermingu var haldið veturinn 1988-89 og var fyrsta fermingin haldin 9. apríl 1989. Fermingarbörn voru 16 talsins. Siðmennt var svo stofnað upp úr því árið 1990 og fullt heiti félagsins fram til ársins 2005 var: “Siðmennt – félag um borgaralegar athafnir”. Frá stofnun þess hefur félagið haldið undirbúningsnámskeið og séð um borgaralegar fermingar ár hvert. Þegar þetta er skrifað (júlí 2011) hafa um 1600 ungmenni fermst borgaralega og um 20.000 manns verið viðstaddir athafnirnar.

Stjórn Siðmenntar vann að því strax við stofnun félagsins að kynna fyrir fólki hvernig hægt er að standa að borgaralegri útför þar sem fjölskylda hins látna sér sjálf um athöfnina. Fyrstu starfsárin (1990-1992) var saminn bæklingur um það efni og fóru fróðir menn um lög og reglur gaumgæfilega yfir efni hans. Nokkru síðar gaf félagið út bækling um borgaralega nafngjöf til að leiðbeina þeim sem ekki vildu láta skíra börn sín. Markmið félagsins var jafnframt að koma á fót faglegri athafnaþjónustu í stíl við það sem tíðkast hefur í nokkra áratugi í nágrannalöndum okkar í Norður-Evrópu. Það var

loks í mars 2007 að fyrsta stóra skrefið var stigið í þessa átt með námskeiðshaldi sem stýrt var af umsjónarmanni í athafnaþjónustu norsku húmanistasamtakanna (Human Etisk Forbund) Baard Thalberg. Námskeiðið stóð dagana 24-25. mars 2007 og miðaði sérstaklega að athafnarstjórnun við veraldlegar/húmanískar útfarir en nýttist jafnframt sem undirbúningur fyrir veraldlegar nafngjafir og giftingar. Af þeim 10 þátttakendum sem luku námskeiðinu voru 6 athafnarstjórar sem endanlega hófu störf við athafnaþjónustu Siðmenntar sem formlega var hafin 29. maí 2008. Fyrsta giftingin á vegum félagsins var haldin 22. september 2007 (athafnarstjóri Jóhann Björnsson), fyrsta útförin 9. maí 2008 (athafnarstjóri Svanur Sigurbjörnsson) og fyrsta nafngjöfin 28. maí 2008 (athafnarstjóri Bjarni Jónsson). Um athafnir Siðmenntar gildir að þeim er lýst sem *veraldlegum* eða *húmanískum* frekar en *borgaralegum* því sú lýsing á frekar við um athafnir sem eru skipulagðar af borgurum utan félaga eða lagalegar athafnir eins og gifting hjá sýslumanni. Ferming félagsins verður þó áfram kölluð borgaraleg af sögulegum ástæðum og vegna þess að þarna eru ungmenni sem ekki eru félagar í Siðmennt og kenna sig ekki við húmanisma frekar en aðra lífsskoðun. Nafngjöf á vegum félagsins er frekar kölluð veraldleg, en húmanísk því nafngjöfin felur ekki í sér skráningu í Siðmennt eða eyrnamerkingu á barninu sem fylgjandi einhverrar lífsskoðunar. Siðmennt er alfarið á móti því að börn og unglingar séu skráð í lífsskoðunarfélög (þ.m.t. trúfélög) fyrir 16 ára aldur og tekur því ekki skráningu í félagið fyrir þann aldur. Þess vegna er heldur ekki beðið um skráningu ungmenna í félagið fyrir borgaralega fermingu. Hvorki veraldlegar nafngjafir né borgarlegar fermingar Siðmenntar innihalda játningar eða loforð um fylgislag við huglægan leiðtoga eða ákveðna sannfæringu líkt og tíðkast í kristnum ferðingum.

Félagið hefur gegnum árin gengist fyrir umræðufundum um ýmis mál er tengjast manngildisstefnu (siðrænum húmanisma) eða borgaralegum/veraldlegum athöfnum. Má þar nefna málefni sem lýst er í stefnuskrá félagsins, trúarbragðafræðslu í skólum, mannréttindi samkynhneigðra, trúarskoðanir Schuberts, um að taka dauðann í sátt, sorg og sorgarviðbrögð, hugsanlegt trúfélag trúlausra, um erlend félög siðrænna húmanista, jafnrétti lífsskoðunarfélaga, mannréttindabrot Íslamista, mannréttindabrot ríkisstjórna, kvenréttindi, verndun skóla frá trúboði o.fl.

Á aðalfundi Siðmenntar í febrúar 2005 urðu nokkur þáttaskil í sögu félagsins að því leyti að með nýjum lögum sem samþykkt voru á fundinum, var það skilgreint sem húmanískt félag og fullu nafni þess breytt í: *Siðmennt – félag siðrænna húmanista á Íslandi*. Einnig var ný stefna samþykkt, en hún var í samræmi við þau almennu siðferðisgildi sem alþjóðasamtök húmanista, International Humanist and Ethical Union (IHEU) samþykkti með yfirlýsingu á alþjóðþingi sínu árið 2002 og kennd var við Amsterdam líkt og sú fyrsta frá 1952.

Á aðalfundi Siðmenntar í febrúar 2008 var lögum og stefnu félagsins breytt á þá leið að félagið skilgreindi sig sem *lífsskoðunarfélag* (enska: *life stance organization*), en sú skilgreining byggir á því að félagið fjalli um siðferði, þekkingarfræði (heimsmýndin og hverju við trúum) og félagslegar athafnir fjölskyldna, rétt eins og trúarleg lífsskoðunarfélög (trúfélög) gera jafnan. Hugtakið lífsskoðunarfélag gerir ekki upp á milli félaga af veraldlegri eða trúarlegri sannfæringu og innifelur hvoru tveggja. Siðmennt hefur frá lok árs 2005 borið fram lagatillögu til Alþingis þess efnis að hugtakið verði notað í lögum og að félagið fái skráningu hjá ríkinu eins og trúfélög hafa.

Siðmennt tekur ekki beina afstöðu í stjórn málum og félagsmálum. Undantekning er þó ósk félagsins um jafna stöðu allra trúarbragða og lífsskoðana sem m.a. hlýtur að hafa í för með sér aðskilnað ríkis og kirkju á Íslandi. Jafnframt hefur Siðmennt verið reglulegur umsagnaraðili hjá nefndasviði Alþingis en félagið er jafnan beðið um álit á lagafrumvörpum í vinnslu sem koma að mannréttindum eða siðferðilegum álitamálum líkt og lög um stöðu samkynhneigðra og rannsóknir á stofnfrumum. Siðmennt er aðili að Mannréttindaskrifstofu Íslands, International Humanist and Ethical Union, European Humanist Federation og Alliance for a Secular Europe.

Skjalaskrá

Askja 1

Mappa 1

Ljósrit fundargerðabókar stjórnar Siðmenntar 7. mars 2001 – 10. maí 2006.

Mappa 2

Ljósrit af greinum um Siðmennt og málefni tengd félaginu á tímabilinu 26. maí 1988 – 26. mars 1999.

Mappa 3

Fréttabréf Siðmenntar 1991-2003:

1991: 1. árg., 1.-3. tbl.
1992: 2. árg., 1.-2. tbl.
1993: 3. árg., 1.-2. tbl.
1994: 4. árg., 1.-4. tbl.
1995: 5. árg., 1.-3. tbl.
1996: 6. árg., 1.-2. tbl.
1997: 7. árg., 1.-2. tbl.
1998: 8. árg., 1.-3. tbl.
1999: 9. árg., 1. tbl.
2000: 10. árg., 1.-2. tbl. Fylgirit: Humanism for the World.
2001: 11. árg., 1. tbl.
2002: 12. árg., 1. tbl.
2003: 13. árg., 1. tbl.

Mappa 4

Ýmsir kynningarbælingar um Siðmennt 1990-1999, m.a. lög, stefnuskrá og aðdragandi stofnunar Siðmenntar.

Mappa 5

Dagskrárbæklingar borgaralegra ferminga 1989-1999, 2006.

Mappa 6

Bæklingar um alþjóðlega trúleysisráðstefnu á Íslandi 24.-25. júní 2006.

Mappa 7

Ónotuð viðurkenningarskjöl um borgaralega fermingu 1989.

Mappa 8

Útprint á því efni sem var á heimasíðu Siðmenntar 30. júlí 1999:
Saga; lög; stefnuskrá; stjórn; borgaraleg ferming; borgaraleg nafngjöf; borgaraleg gifting; borgaraleg útför; trú krefst aðskilnaðar ríkis og kirkju; samtök um aðskilnað ríkis og kirkju (SARK); siðfræði- og trúarbragðafræðsla í skólum.

Skráð Sigríður H. Jörundsdóttir

Askja 2

Ljósrit af fundargerð aðalfundar Siðmenntar 22. febrúar 2001. *
Ljósrit af fundargerðum stjórnarfunda Siðmenntar 9. mars 1999 og 2. apríl 1999.

Örk 1

Ljósrit af fundargerðum stjórnarfunda Siðmenntar frá 14. júní 2006 til 18. september 2007.

Örk 2

Ljósrit af fundargerðum Siðmenntar frá 31. október 2007 til 10. júní 2008.

Fréttabréf SARK 2. tbl. 3. árg. október 1996.

3. tbl. 4. árg. september 1997.

2. tbl. 5. árg. september 1998.

2. tbl. 6. árg. október 1999.

3. tbl. 7. árg. október 2000.

Fréttabréf Siðmenntar 1. og 2. tbl. 2008.

Fréttabréf Siðmenntar 2. tbl. 2010.

Dagskrár um borgaralegar fermingar árin 2000 til 2008.

Bæklingar: Athafnaþjónusta Siðmenntar; veraldlegar útfarir; *Manngildi í fyrirrúmi og Gifting Nafngjöf*.

Trúlaus? Við líka!, samfélag trúlausra, Borgaraleg ferming.

Borgaraleg ferming á Íslandi, ónotuð viðurkenningarskjöl.

Viðurkenningarskjal merkt Jökli Helga Sigurðssyni.

Skrá yfir ræðumenn á borgaralegum fermingarathöfnum frá upphafi.

Tölulegar upplýsingar frá upphafi um fjölda barna við borgaralegar fermingar.

Siðmennt – fyrir þig? upplýsingar um Siðmennt.

Siðmennt upplýsingar um Siðmennt febrúar 1999.

DVD diskar 8 stk. um borgaralegar fermingar frá 2004 til 2008.

Skráð í september 2008,
B A.

Askja 3

Örk 1

Fundargerðir Siðmenntar frá 14. júní 2006 til 29. nóvember 2007.

Örk 2

Fundargerðir Siðmenntar frá 10. janúar 2008 til 1. júní 2010.

Örk 3

Fundargerðir frá 29. júní 2010 til 15. mars 2011, aðalfundur 15. mars 2011.

Örk 4

Fundargerðir stjórnar Siðmenntar frá 29. júní 2011 til 9. desember 2013.

Fundargerðir stjórnar Siðmenntar frá 13. janúar 2014 til 21. ágúst 2014

Aðalfundur Siðmenntar 28. febrúar 2013 ásamt skýrslu formanns.

Aðalfundur Siðmenntar 6. mars 2014 ásamt skýrslu formanns og ársreikningi fyrir árið 2013

Örk 5

Bréf frá Innanríkisráðuneytinu varðandi skráningu á lífsskoðunarfélaginu *Siðmennt*, maí 2013.

Drengskaparheit Hope Knútsson maí 2013.

Fréttatilkynning: Siðmennt skráð lífsskoðunarfélag, ódags of fleiri bréf varandi málið.

Fréttabréf Siðmenntar frá 1. tbl. 2008 til 4. tbl. 2011.

Fundargerð stjórnar Siðmenntar 1. júní 2010.

Skrá yfir ræðumenn á borgaralegum fermingarathöfnum frá upphafi 1989 til 2011.

BF töflur yfir árin 1989 til 2011: athöfn - staðsetning, gestafjöldi og fjöldi barna.

Borgaralegar fermingar 26. apríl í Háskólabíói 2009, listi yfir fermingarbörnin og dagskrá.

Borgaralegar fermingar 2009 í Háskólabíói 26. apríl, 2 DVD diskar með upptökum frá athöfninni.

Borgaralegar fermingar í Háskólabíói 18. apríl 2010 og í Ketilhúsinu Akureyri 24. apríl 2010.

Skrá yfir fermingarbörn og dagskrá.

Málþing í tilefni 20 ára afmælis Siðmenntar: Veraldlegt samfélag – gildi þess og framtíð, 8. maí 2010.

1 DVD diskar frá þinginu 8. maí 2010 í öskju, Háskóla Íslands.

Ert þú húmanisti?, próf án árs.

Askja 4

Borgaraleg ferming 2011, 10. apríl í Háskólabíói, kl. 11:00 og 13:30, 2 diskar með upptökum frá staðnum, ásamt dagskrá.
Borgaraleg ferming í Háskólabíói kl. 11:00 og 14:00 15. apríl 2012 ásamt dagskrá. (2 DVD fylgja)
Borgaraleg ferming 2013 14. apríl í Háskólabíó kl. 11:00 og 13:30, ásamt dagskrá (2 DVD)
Borgaraleg ferming í Kópavogi kl. 11:00 og 13:30 22. apríl 2012, ásamt dagskrá (2 DVD).
Borgaraleg ferming 2013 í Salnum Kópavogi 21. apríl kl 11:00 og 13:30 ásamt dagskrá (2 DVD).
Fréttabréf Siðmenntar 1. tbl. 10. apríl 2012.
Fréttabréf Siðmenntar 1. tbl 2014.
Skrá yfir ræðumenn á borgaralegum fermingarathöfnum frá upphafi, 1989 til 2013.
BF tölur 1989-2010, skrá yfir fjölda ferminga og staði þar sem þær fóru fram.
Fjöldi í BF og reiknispá (línurit) 1989 til 2012.
Borgaraleg ferming. Heilbrigði og farsæld – það er dýrmætt að eiga val, bæklingur.
Frelsi mannvirðing & samábyrgð, bæklingur
Tölfræði yfir borgaralega fermingar: fjöldi fermingarbarna, gesta og staður frá upphafi til 2013.
Tölfræði yfir borgaralegar fermingar frá upphafi til 2014; fjöldi fermingarbarna og gesta og staðsetning.

Askja 5

Borgaraleg ferming 2011, 19. mars á Akureyri, DVD fylgir með.
Borgaraleg ferming 2012, 13. maí á Akureyri kl. 13:30 ásamt dagskrá
Borgaraleg ferming 2013, 12. maí á Akureyri ásamt dagskrá.
Borgaraleg ferming 2012, 29. apríl í Tryggvaskála á Selfossi kl. 14:00, DVD diskur fylgir með ásamt dagskrá.
Borgaraleg ferming 2012, 24. júní á Austurlandi, Trjáasafnið í Hallormstaðaskógi kl. 14:00 ásamt dagskrá.
Borgaraleg ferming 2013, 22. júní í Egilstaðaskóla kl. 14:00, dagskrá (ekki DVD).
Borgaraleg ferming 2014, 6. apríl í Háskólabíói kl. 10:30, 12:30 og 14:30 ásamt dagskrá.
Borgaraleg ferming 2014, 27. apríl í Salnum Kópavogi kl. 11:00 og 13:30 ásamt dagskrá.
Borgaraleg ferming 2014, 7. júní í Hofi Akureyri ásamt dagskrá.
Borgaraleg ferming 2014 22. júní í Hallormsstaðaskógi á Fljótshálsi (ekki DVD).
Borgaraleg ferming 2013 12. apríl í Nýheimum á Höfn í Hornafirði (ekki DVD)
Borgaraleg ferming, heilbrigði og farsæld, kynningarbæklingur 2014.
Kynningarspjald, Siðmennt, skráð lífsskoðunarfélag.

Skráð í júní 2010, september 2012
og október 2014, GI